

10. júní

17. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Þingborg 26. maí 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson

Guðmundur Jón Sigurðsson

Kristín Sigurðardóttir

Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð

Einnig mættir:

Gestur Már Þráinsson og Eiður Sigurðarson frá Smíðanda

Hurðir: Smíði hurða sem Selós ætlaði að annast var ekki hafin en en eins og kunnugt brann fyrirtækið 9. júní s.l. Afhending þeirra átti að vera 20. júlí n.k. Smíðandi mun skoða leiðir í stöðunni og kynna vinnuhóp við fyrsta tækifæri.

Klæðningar utanhúss: Efni í klæðningar utanhúss sem átti að vera til á lager reyndist ekki vera til vegna mistaka í pöntun hjá söluaðila. Efni verður komið til landsins 26. júlí n.k. og vinna við klæðningu mun tefjast sem því nemur.

Frágangur lóðar: Reiknað er með að frágangur við malbikun og hellulögn hefjist á næstu dögum. Fullnaðarfrágangur verður þegar klæðningu utanhúss er lokið.

Einangrun utan á sökklí: Guðmundi falið að kanna verð á einangrun utan á sökklí.

Rakamæling: Rakamæling fór fram 3. júní. Raki var lægstur 5,6% og hæstur 6,6%. (Æskilegt rakastig er 3,8%-4,2%).

Næsta rakamæling verður framkvæmd í byrjun júlí.

Reiknað er með að of mikill raki verði í gólfum til að leggja dúk á þau. Stefnt er að því að setja glæran grunn á smíðastofu, heimilisfræðistofu og myndmenntastofu. Einnig er stefnt að því að setja filtteppi á bókmenntastofu, tónmenntastofu og textilstofu.

Staða hönnunar: Allar hönnunarteikningar tilbúna nema teikningar af klæðningu á tengibyggingu.

Tengiveggur milli bygginga: Gestur mun koma með tilboð í frágang á vegg milli bygginga á næstunni.

Staða framkvæmda: 1. áfangi er tilbúinn utan klæðningu utanhúss. Innveggir á 1. og 2. hæð eru nánast tilbúnir. Málningarvinna er hafin og pípulagnir langt komnar.

Lyfta: Lyftan á að koma til landsins 5. júlí.

